

Borgarstjórn Reykjavíkur

2. október 2018

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um jöfn fjárframlög úr borgarsjóði með börnum í leikskóla óháð rekstrarformi skólanna

Borgarstjórn samþykkir að veita jöfn rekstrarframlög úr borgarsjóði með hverju barni sem lögheimili á í Reykjavík og sækir þar leikskóla. Skal sama upphæð opinbers fjár því fylgja hverju barni inn í leikskóla, óháð rekstrarformi viðkomandi skóla. Verði áfram tekið tillit til þess hvernig kostnaður breytist eftir hlutfalli fagmenntaðs starfsfólks, sem og eftir aldri leikskólabarna, en þess þó gætt að börn á sama aldri fái alla jafna sama framlag úr borgarsjóði, óháð rekstrarformi þess leikskóla sem þau sækja. Borgarstjórn samþykkir að gera viðeigandi breytingar á samningi við sjálfstætt starfandi leikskóla Reykjavíkur, dags. 1. október 2018, og samningi við sjálfstætt starfandi ungbarnaleikskóla, dags. 1. ágúst 2018, svo jöfn fjárframlög verði tryggð.

Greinargerð:

I. Inngangur

Víða í Evrópu er að finna sjálfstætt starfandi leik- og grunnskóla. Þessir skólar eru almennt litrík viðbót við skólaflóru hvers lands. Þeir hafa gjarnan kynnt til leiks nýstárlega hugmyndafræði og nýjar framsækningar skólustefnur. Þeir hafa veitt foreldrum fleiri valkosti og tækifæri til að velja milli ólíkra áherslna í uppeldi og menntun barna sinna.

II. Lagaumhverfið og samningar

Í lögum nr. 90/2008 um leikskóla er kveðið á um það að sveitarfélög skuli hafa forystu um að tryggja börnum leikskólavöl. Sveitarfélögin bera ábyrgð á starfsemi leikskóla en leikskólalögin leggja þó ekki bær skyldur á herðar sveitarfélögum að þau reki leikskólana sjálf. Reykjavíkurborg rekur fjölda leikskóla en hefur þó ekki náð að anna eftirspurn eftir leikskólarýmum að fullu. Á þetta ekki sýst við um yngstu aldurshópana. Sjálfstætt starfandi leikskólar hafa leyst úr þessum vanda að hluta.

Reykjavíkurborg hefur gert samning við sjálfstætt starfandi leikskóla, sem undirritaður var þann 1. október 2018. Í 8. gr. samningsins segir að sjálfstætt starfandi leikskólar geti innheimt 15% álag frá foreldrum ofan á gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna leikskóla Reykjavíkurborgar. Í 2. mgr. 4.1. gr. b) samningsins segir svo að rekstrarframlög frá borginni til sjálfstætt starfandi leikskóla skuli skert sem nemur þessu 15% álagi. Þannig er sjálfstætt starfandi leikskólum gert að innheimta hærri gjöld frá foreldrum, öðrum kosti standa þeir ekki jafnfætis borgarreknum leikskólum fjárhagslega.

Að sama skapi hefur verið undirritaður samningur við sjálfstætt starfandi ungbarnaleikskóla, dags. 1. ágúst 2018. Þar segir að sjálfstætt starfandi ungbarnaleikskólar geti innheimt 115% álag frá foreldrum ofan á gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna ungbarnaleikskóla Reykjavíkurborgar. Í samningnum segir einnig að rekstrarframlög frá borginni til sjálfstætt starfandi ungbarnaleikskóla skuli skert sem nemur þessu 115% álagi. Þannig er sjálfstætt starfandi ungbarnaleikskólum gert að innheimta hærri gjöld frá foreldrum, öðrum kosti standa þeir ekki jafnfætis borgarreknum ungbarnaleikskólum fjárhagslega.

III. Sjálfstæðir leikskólar hérlendis erlendis

Hérlendis eru einkareknir leikskólar 37 talsins, en þá sækja um 15% allra leikskólabarna. Í Reykjavík sækja 1.173 börn sjálfstætt starfandi leikskóla, þannig sækja tæp 18% reykviskra leikskólabarna slíka leikskóla.

Samanburðurinn er áhugaverður við aðrar Evrópuþjóðir. Um aldamótin voru um 40% barna í Noregi í einkareknum leikskólum, á Írlandi var um helmingur í einkareknum leikskólum, í Hollandi var hlutfallið tæp 70% og upp undir 60% í Belgíu. Árið 2014 voru um 20% leikskólabarna í Svíþjóð og um 17% leikskólabarna í Danmörku í sjálfstætt starfandi leikskólum.

IV. Jöfn tækifæri

Lækkun gjaldskrár sjálfstætt starfandi leikskóla til samræmis við gjaldskrár borgarrekkinna leikskóla ætti að vera borgarstjórn kappsmál, enda getur innheimta aukinna gjalda haft áhrif á samsetningu nemendahópa. Ekki er öllum kleift að greiða með börnum sínum aukin gjöld. Efnameiri foreldrar eiga nú aukin tækifæri til velja milli ólíkra leikskóla borgarinnar fyrir börn sín. Þannig ýtir núverandi fyrirkomulag, sem styður illa við sjálfstætt starfandi leikskóla, enn frekar undir mismunun og misskiptingu. Sjálfstæðisflokkurinn leggur ríka áherslu á að öllum börnum séu tryggð jöfn tækifæri, óháð efnahag foreldra.

V. Fé fylgi barni

Það er réttlætismál að tryggja jöfn opinber framlög með hverju barni inn í leikskóla borgarinnar, óháð rekstrarformi. Þannig kæmust sjálfstætt starfandi leikskólar hjá 15% eða 115% hærri gjaldskrá en borgarrekknir leikskólar – og þannig mætti tryggja öllum börnum jöfn tækifæri og jafnan aðgang að ólíkum leikskólum borgarinnar, því efnahagur foreldra yrði ekki lengur ákvarðandi forsenda við val á leikskóla.

Það er eðlilegur réttur barna að borgin leggi til sömu upphæð opinbers fjár til uppeldis og menntunar þeirra. Núverandi kerfi mismunar börnum eftir rekstrarformi þeirra leikskóla sem þau sækja. Verði tillagan sem hér er borin upp samþykkt, getum við betur tryggt jafnrétti til náms, fjölbreyttari leikskóla og stéttlaust skólakerfi.

VI. Breytingar á samningum við sjálfstætt starfandi leikskóla

Svo unnt sé að tryggja börnum jöfn fjárframlög úr borgarsjóði inn í leikskóla, óháð rekstrarformi skólanna, verður nauðsynlegt að gera breytingar á samningi við sjálfstætt starfandi leikskóla, dags. 1. október 2018. Samningurinn gildir vegna barna 18 mánaða til 6 ára en eftirfarandi breytingar munu reynast nauðsynlegar:

1. 2. mgr. 4.1. gr. b) samningsins verði breytt með þeim hætti að frá árlegum heildarkostnaði verði eingöngu frádregin mánaðarleg greiðsla foreldra samkvæmt gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna leikskóla Reykjavíkur. Þannig verði horfið frá þeirri venju að sjálfstæðir leikskólar innheimti 15% álag frá foreldrum. Þess í stað komi ígildi þessa 15% álags frá borginni í formi aukins rekstrarframlags með hverju barni sem sækir sjálfstætt starfandi leikskóla.
2. 8. gr. samningsins verði breytt til samræmis við ofan nefndar breytingar, svo ákvæðið kveði á um það að gjaldskrá sjálfstæðra leikskóla megi aldrei vera hærri en sem nemur gjaldskrá skóla- og frístundasviðs. Horfið verði frá innheimtu 15% álags frá foreldrum.

Eins þarf að gera samsvarandi breytingar á samningi um rekstrar- og húsnæðisframlag til sjálfstætt starfandi ungbarnaleikskóla frá 1. ágúst 2018. Samningurinn tekur til barna undir 36 mánaða aldri og kveður á um það að gjaldskrá sjálfstætt starfandi ungbarnaleikskóla megi aldrei vera hærri en sem nemur gjaldskrá skóla- og frístundasviðs, auk 115% álags. Þetta sama 115% álag verði svo dregið frá rekstrarframlögum frá borginni til ungbarnaleikskólanna. Tryggja þarf að sjálfstætt starfandi ungbarnaleikskólum verði ekki gert að innheimta téð álag frá foreldrum svo þau geti staðið jafnfætis borgarreknum ungbarnaleikskólum fjárhagslega. Þess heldur komi samsvarandi aukin fjárhæð frá borgarsjóði í formi rekstrarframlaga. Þannig verði tryggt að sama upphæð opinbers fjár fylgi hverju leikskólabarni í borginni, óháð rekstrarformi hlutaðeigandi ungbarnaleikskóla.